

157
20. okt.

Allir reikningarnir og skilagreininir við manntalsreikninginn eiga að vera tvíritaðar. Sönnunarskjölin við reikningana mega þar á móti vera einrituð.

C. Í reikningana skal að eins rita tekjur þær, er landssjóðnum hafa hlotnast á reikningsári því, er ræðir um; en rita skal þær í reikninginn án tillits til þess, hvort þær hafi verið greiddar eða enn þá standi úti óborgaðar, og á að því, er snertir slíkar eptirstöðvar að fylgja reikningnum skýrsla um, hvað gjört hafi verið til að ná þeim inn sbr. fyrirmyndina við umburðarbrjef 16. maí 1876 (stjórnartíð. B. 51).

Þar á móti má ekki rita í reikninginn eptirstöðvar frá fyrri árum eða fullnæg-ing á reikningsúrskurðum, en fyrir þessu verður að gjöra sjerstaka grein, þegar upphæð-irnar eru greiddar annaðhvort með peningum í jarðabókarsjóðinn eða með ávísun í aðalríkissjóðinn.

D. Loksins vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir öllum reik-ningshöldurum, er undir yður eru skipaðir, eða bæði fyrir umboðsmönnum þjóðjarða og lögreglustjórum, að þeim beri að fara nákvæmlega eptir fyrirmælum reglugjörðar 13. febr. 1873 og umburðarbrjefs 16. maí 1876 (stjórnartíð. B. 51), að því er snertir borgun í landssjóð á fje því, er þeir innheimta.

Einkum má ekki eptirleiðis koma fyrir sú óregla, er hingað til hefir átt sér stað af hálfu einstakra reikningshaldara, að þeir hafa frestað þangað til, að þeir sömdu við-komandi reikning að afgreiða í landssjóð gjöld þau, er þeim höfðu verið borguð, sjer í lagi ber reikningshöldurum að sjá um, að ávísanir fyrir innskrifudum gjöldum verði gefn-ar út og sendar hingað sem allra fyrst eptir, að innskriftin hefir átt sjer stað. En skyldi nokkur dráttur verða á þessu, mun reikningshaldarinn sœta ábyrgð fyrir vanskil. Enn fremur er brýnt fyrir reikningshöldurum, að þeir eigi í hvert sinn, er þeir senda peninga eða ávísun upp í tekjur landssjóðs nákvæmlega að tilgreina, upp í hverjar tekjur þeir vilji, að hið greidda eða ávísada fje gangi, og verða skýrslur þessar að koma nákvæmlega heim við það, er síðan verður ritað í reikninginn um þetta.

158
21. okt.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um prentun fyrir hið opinbera.*
— Eptir að jeg 12. þ. m. hefi meðtekið álit stiptyfirvaldanna um brjef Einars prentara Þórðarsonar, þar sem hann ber sig upp undan því, að skólaskýrslan 1879—1880 hafi verið prentuð í prentsmiðju Ísafoldar, þótt hann ætli, að kaupsamningur sá, er gjörður var við hann, þegar hann samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 keypti landsprentsmiðjuna, veiti honum rjett til að prenta þetta rit, — vil jeg hjer með tjá stiptyfirvöldunum það, er hjer greiur, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Einari Þórðarsyni.

Í 4. gr. kaupsamnings þess, er hjer ræðir um, er það tekið fram með berum orðum, að kaupandanum er ekki veittur neinn einkarjettur, til að prenta fyrir hið opin-bera, heldur einungis rjettur til þess, fremur öðrum, að framkvæma slík prentstörf, svo framarlega sem hann vill takast þau á hendur fyrir sömu borgun, og að öðru leyti með jafngóðum kostum fyrir hið opinbera, sjer í lagi að því er snertir flýti og vandvirkni, sem bjóðast kynni af einhverri annari prentsmiðju hjer í bænum. Hvað rit það snertir, er hjer liggur fyrir, sjest, að eptir að skólaskýrslan um árið 1878—79 hafði verið prent- uð í Ísafoldar prentsmiðju, bauðst Einar prentari Þórðarson til að prenta hana það ár, er hjer ræðir um, fyrir hjer um bil 6 kr. minna, en hún fjekkst prentuð fyrir hjá Ísa- foldar prentsmiðju. Rektor spurði Einar þar á eptir brjeflega meðal annars, hvort hann vildi fyrir þetta verð taka að sjer að prenta skýrsluna með sama letri (þ. e. með ekki